

FRAMKVÆMDARREGLUGERD FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/824

2024/EES/83/23

frá 8. mars 2024

um leyfi fyrir maríuvandartinktúru úr *Gentiana lutea* L. Sem fóðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. September 2003 um aukefni í fóðri (¹), einkum 2. mgr. 9. gr. og 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til efstfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmæðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE (²).
- 2) Efnið maríuvandartinktúra úr *Gentiana lutea* L. Var leyft án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Efnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um leyfi fyrir maríuvandartinktúru úr *Gentiana lutea* L. Sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Umsækjandinn óskaði eftir því að aukefnið yrði einnig leyft til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun aukefnisins í drykkjarvatn.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 18. mars 2021 (³) og 1. febrúar 2023 (⁴) að við tillögð notkunarskilyrði sé maríuvandartinktúra úr *Gentiana lutea* L. Örugg fyrir skammlíf dýr, þ.e. dýrategundir til eldis, fyrir neytendur og umhverfið. Hún tók fram að ekki hafi verið hægt að komast að niðurstöðum fyrir langlíf dýr og undaneldisdýr vegna skorts á gögnum um erfðaeiturhrif xantóna (gentisíns og ísógentisíns) og gentíópíkrósiðs í lífi. Vegna skorts á gögnum gat Matvælaöryggisstofnunin enn fremur ekki komist að niðurstöðu um hvort aukefnið geti verið húð- eða augnertandi eða húðnaemir. Hún tók einnig fram að ekki væri unnt að útiloka váhrif á óvarða notendur af völdum hugsanlegu erfðaeiturefnanna xantóna (gentisíns og ísógentisíns) og gentíópíkrósiðs við meðhöndlun tinktúrunnar og að því ætti lágmarka váhrif á notendur til að draga úr áhættu. Þar eð maríuvandartinktúra úr *Gentiana lutea* L. Er viðurkennd sem bragðefni í matvæli og hlutverk þess í fóðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekki teljist nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun hennar. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórið. ESB L, 2024/824, 11.3.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2024 frá 23. september 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (biður birtingar).

(¹) Stjórið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>

(²) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjórið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj>).

(³) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2021 19(4), 6547.

(⁴) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2023 21(2), 7869.

- 6) Umsækjandinn dró síðan til baka umsóknina um leyfi fyrir maríuvandartinktu úr *Gentiana lutea* L. Fyrir allar dýrategundir og flokka dýra að undanskildum: dýrategundum til eldis (öðrum en dýrum af hestaætt) og laxfiskum og aukategundum fiska, öðrum en undaneldisstofnum.
- 7) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að mariuvandartinktúra úr *Gentiana lutea* L uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar dýrategundir til eldis (að undanskildum dýrum af hestaætt), laxfiska og fiska, að undanskildum undaneldisstofnum, og einkum að því tilskildu að aukefnid sé ekki notað í samsetningu með öðrum aukefnum sem innihalda gentísín, ísogentísín og gentíópíkrósíð. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndaráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.
- 8) Með 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er lögð sú skylda á framkvæmdastjórnina að hún samþykki reglugerð þar sem þess er krafist að fóðuraukefni verði tekin af markaði sem engar umsóknir, eins og krafist er skv. 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, voru lagðar fram fyrir innan frestsins sem kveðið er á um í þessum ákvæðum. Að sama skapi ætti að samþykkjá reglugerð varðandi fóðuraukefni þar sem umsókn var lögð fram en síðan dregin til baka.
- 9) Ef um er að ræða fóðuraukefni þar sem umsókn hefur verið dregin til baka, eingöngu að því er varðar tilteknar dýrategundir eða flokka dýra, ætti brothvarf af markaði eingöngu að varða þessar dýrategundir eða -flokka.
- 10) Þess vegna ætti að taka maríuvandartinktúra úr *Gentiana lutea* L. Af markaði að því er varðar dýrategundir og flokka dýra sem falla ekki undir leyfið sem er veitt með þessari reglugerð.
- 11) Að því marki sem maríuvandartinktúra úr *Gentiana lutea* L. Er leyfið sem fóðuraukefni með þessari reglugerð er ekki gerð krafá um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum að því er varðar dýrategundir og flokka dýra sem falla undir leyfið sem er veitt með þessari reglugerð. Því er rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila til að þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 12) Að því marki sem fóðuraukefnið er tekið af markaði er auk þess einnig viðeigandi að gera ráð fyrir umbreytingartímabili þar sem nota má fyrirliggjandi birgðir af aukefninu, forblöndum, fóðurefnum og fóðurblöndum sem hafa verið framleidd með þessu aukefni þar til þær eru uppurnar, einnig að því er varðar þær dýrategundir og flokka dýra sem falla ekki undir leyfið sem veitt er með þessari reglugerð, til að gera hagsmunaaðilum kleift að laga sig að skyldunni að taka þessar vörur af markaði.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERD ÞESSA:*1. gr.***Leyfi**

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.***Taka af markaði**

Fóðuraukefnið maríuvandartinktúra úr *Gentiana lutea* L., eins og það er leyft samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, skal tekið af markaði að því er varðar aðrar dýrategundir og flokka dýra en sem um getur í viðaukanum.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir í tengslum við leyfið

1. Fóðuraukefnið sem um getur í 2. gr. og forblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 30. september 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 31. mars 2024, má áfram setja á markað og nota, að því er varðar þær dýrategundir og flokka dýra sem eru tilgreind í viðaukanum, þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.
2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 2. gr., sem eru framleidd og merkt fyrir 31. Mars 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 31. mars 2024, má áfram setja á markað og nota, að því er varðar þær dýrategundir og flokka dýra sem eru tilgreind í viðaukanum, þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir í tengslum við töku af markaði

1. Fyrirliggjandi birgðir af fóðuraukefninu sem um getur í 2. gr. má áfram setja á markað og nota, að því er varðar aðrar dýrategundir og flokka dýra en sem um getur í viðaukanum, til 31. Mars 2025.
2. Forblöndur sem eru framleiddar með fóðuraukefninu sem um getur í 1. gr. má áfram setja á markað og nota, að því er varðar aðrar dýrategundir og flokka dýra en sem um getur í viðaukanum, til 30. júní 2025.
3. Fóðurblöndur og fóðurefni, sem eru framleidd með fóðuraukefninu sem um getur í 1. mgr. Eða með forblöndunum sem um getur í 2. mgr., má áfram setja á markað og nota, að því er varðar aðrar dýrategundir og flokka dýra en sem um getur í viðaukanum, til 31. mars 2026.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. mars 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKEFNI

Kennintúmer föðurauk- efnisins	Aukefni	Samsetning, eftaformula, lýsing, greiningaraðferð	Tegund óða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
Flokkur: skýrnæn aukefni. Virkur hópur: bragðefni								
2b2506-t	Mariuvandartíkti- úra	Samsetning aukefnesis Tirkúra úr rónum <i>Geniana lutea</i> L. Vökvaform <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Tirkúra sem er fengin úr rónum <i>Geniana lutea</i> L. Með framlengdum útdréttum með blöndu úr vatri og etanolí eins og skilgreint er af Evrópuráðinu (1). FEMA-númer: 2506 Nákvæm skilgreining Purrefni: 3,5–5% Heildarpólýfenói: 0,05–0,11% Heildarflavonóð: 0,03–0,09% Xantón: að hámarki 0,004% — Gentisin — Ísogentisin Gentíópkrossið: að hámarki 0,006%	Eldissvín og aukategundir svína til eldis Eldisnautgripir, sauðfí til eldis, aukategundir eldisjorturdýra og eldiskálfar Eldiskjúklingar, eldisksalkunar og aukategundir alifugla til eldis Laxfiskar og aukategundir fiska, að undanskildum undaneldisslöfunum Aðrar aukategundir til eldis, að undanskildum dýrum af hestaætt	— —	— —	50	1. Aukefnið skal notað í föður í formi forblöndu. 2. Í notkunarlöbeiningum aukefinu og forblöndunum tilgreina geymsluskiðryði stöðugleika við litameðhöndlun. 3. EKKI skal nota þetta aukefni í samsetningu með öðrum aukefnum sem innihalda gentisin, ísogentisin og gentíópkrossið. 4. Að því er varðar notendur aukefnið og forblöndna skulu stjórnendur föðurfyrirtækja koma á verklags- reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögnulegi áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með síkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðört, við notkun á aukefinu og forblöndunum.	31. mars 2034

	<p><i>Greiningaraðferð</i> (2)</p> <p>Til að samgreina og lýsa eiginleikum fóðuraukefnisins:</p> <ul style="list-style-type: none"> — þyngdarmæling til að ákvarða þurrefni og öskuinnihald, — litrotísmæling til að ákvarða heildarinnihald pólýfenóla og háþrystiþunnlagskjúnum (HPTLC) til að ákvarða heildarinnihald flavonóða, xantóna (gentisíns og ísogentisíns) og gentíópíktosis. 				

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðimar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarsþófunar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>